

AUGLÝSING

um breyting á gjaldskrá Hitaveitu Dalvíkur nr. 284 11. desember
1970 ásamt síðari breytingum.

4. gr. orðist þannig:

Gjöld fyrir afnot heita vatnsins eru sem hér segir:

1. Fast gjald á mánuði verði kr. 300.00 fyrir hvern aðalhemil.
 2. Vatnsgjald verði kr. 420.00 á mánuði fyrir hvern mínútulítra í hámarksstillingu hemils.
- Á gjöld þessi leggst söluskattur skv. gildandi reglum á hverjum tíma.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem ákveðin er skv. Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að taka þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum, sem hluta eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 20. september 1973.

Magnús Kjartansson.

Jóhannes Guðfinnsson.

Nr. 319.

2. nóvember 1973.

AUGLÝSING

um staðfestingu á uppdrætti af aðalskipulagi Keflavíkur,
Njarðvíkur og Keflavíkurflugvallar.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964, hefur ráðuneytið hinn 2. nóvember 1973 staðfest uppdrátt af aðalskipulagi Keflavíkur.

Uppdráttur þessi hefur hlotið þá meðferð, sem lög nr. 19/1964 gera ráð fyrir.

Félagsmálaráðuneytið, 2. nóvember 1973.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Jón Sigurpálsson.

Nr. 320.

8. nóvember 1973.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá fyrir Hitaveitu Laugaráss í Biskupstungum.

1. gr.

Gjöld fyrir dreifingu heita vatnsins greiðast þannig á ári:

1. Eftir vatnsmagni kr. 30 000 sekl. Sé vatnið notað eingöngu til búreksturs skal ekki frekara gjalds krafist.
2. Fasteignagjöld:
 - a. Af íbúðarhúsum kr. 34.00 pr. rúmm. á ári.
 - b. Af verkstæðis- og iðnaðarhúsum kr. 23.00 pr. rúmm. á ári.

3. Lágmarksgjald skal þó ekki vera minna en kr. 15 000 fyrir hvern notanda á ári.
4. Öll gjöld í gjaldskrá þessari miðast við utanmál húsa.
5. Gjöld fyrir heitt vatn til annarra nota en að framan greinir ákveður Stjórnarnefnd Laugarásshéraðs hverju sinni, að fenginni heimild ráðuneytisins.
6. Full hitaveitugjöld skal greiða frá þeim tíma, að umsókn hefur komið fram um aðild að hitaveitunni og umsækjandi á kost á tengingu heimæðar frá stofnæð eða síðustu greiningu dreifiaðar.

2. gr.

Stofngjöld skulu vera sem hér segir:

1. Af dældum sekl. kr. 30 000.00.
2. Af íbúðarhúsum kr. 34.00 pr. rúmm.
3. Af iðnaðar- og verkstæðishúsum kr. 23.00 pr. rúmm.
4. Lágmarksgjald skal þó ekki vera minna en kr. 15 000.00.
5. Stofngjöld greiðast þegar umsækjandi á kost á tengingu heimæðar sbr. 1. gr.
6. málslið.

3. gr.

Gjalddagar hitaveitugjalda samkvæmt 1. gr. skulu vera sem hér greinir:

Fyrir fyrri árs helming 1. júlí.

Fyrir síðari árs helming 1. október.

Heimilt er að taka dráttarvexti af gjaldfjöllum hitaveitugjöldum 1.5% á mánuði.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem samin er og samþykkt af Stjórnarnefnd Laugarásshéraðs, staðfestist hér með samkv. Orkulögum, nr. 58 29. apríl 1967 til að taka þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi felld breyting á gjaldskrá fyrir Hitaveitu Laugaráss, er staðfest var í ráðuneytinu hinn 20. nóvember 1972.

Iðnaðarráðuneytið, 8. nóvember 1973.

Magnús Kjartansson.

Jóhannes Guðfinnsson.

AUGLÝSING

um breyting á gjaldskrá Rafveitu Ísafjarðar, nr. 231 25. júlí 1973.

4. Hitun.

- 4.3. Í stað: „Hiti í kirkju um kWst.-mæli kr. 2.10 kWst., enda sé straumurinn rofinn í fjórar stundir á mesta annatíma rafveitunnar, þó eigi lengur en tvær stundir í senn.“

Komi: „Til hitunar íbúðarhúsa um kWst.-mæli á kr. 1.05 hver kWst., enda sé straumur rofinn allt að þrem stundum á sólarhring. Minnsta orkunotkun skv. þessum gjaldskrárlið verði 6000 kWst. á ári. Önnur skilyrði fyrir orkusölu samkv. þessum lið eru: